

M-2/2019. Álit 2. september 2019 – Endurupptaka á M-62/2018

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 2. september 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-2/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 12. ágúst 2018 bað X, f.h. dóttur sinnar Z, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þjónustuskoðun fyrir bifreið af Y, hér eftir nefndur seljandi. Ágreiningur aðila lýtur að kostnaði sem álitsbeiðandi telur sig hafa orðið fyrir vegna rangrar bilanagreiningar af hálfu seljanda. Nefndin lauk málinu þann 28. desember 2018 með álit nr. M-62/2018. Var álitsbeiðninni þar vísað frá á þeim grundvelli að álitsbeiðandi hafði ekki orðið við beiðni nefndarinnar um að senda inn gögn til stuðnings kröfu hans í málinu. Hinn 8. janúar 2019 óskaði álitsbeiðandi eftir endurupptöku málsins á þeim forsendum að málinu hafi ranglega verið vísað frá. Álitsbeiðandi kveðst hafa sent nefndinni umbeðin gögn en þau ekki borist til nefndarinnar.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 10. janúar 2019, tilkynnti kæruneftndin aðilum að málið hefði verið endurupptekið og sendi gögn málsins til seljanda. Var seljanda veittur tveggja vikna frestur til að koma athugasemdum eða frekari gögnum að í málinu. Þann 2. maí 2019 voru gögn málsins send til seljanda í annað sinn og honum boðið að koma athugasemdum sínum að í málinu. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segir dóttur sína hafa farið með bifreiðina XX-000 í aðalskoðun hjá seljanda þann 12. apríl 2018. Greiddi hún 12.995 krónur fyrir skoðunina. Að sögn álitsbeiðanda tók dóttir hans sérstaklega fram við starfsmann seljanda að hún hafi orðið vör við hljóð í bifreiðinni vinstra megin að framan. Bað hún um að það yrði sérstaklega skoðað. Eftir að skoðun lauk sagði starfsmaður seljanda að hann teldi að um væri að ræða aflögun hemla vinstra megin að framan. Álitsbeiðandi ákvað í kjölfarið að skipta um báða bremsudiska og bremsuklossa í bifreiðinni að framan. Hljóðið hvarf hins vegar ekki þrátt fyrir þá viðgerð. Álitsbeiðandi fór því aftur með bifreiðina í skoðun til seljanda þar sem í ljós kom að hjólalegan vinstra megin að framan var ónýtt og skipta varð um hana.

Álitsbeiðandi telur að ekkert hafi amað að hemlum bifreiðarinnar sem voru um 12 mánaða gamlir og telur sig hafa skipt um þá að óþörfu. Álitsbeiðandi hafði samband við seljanda sem sagði að starfsmanni hefði mögulega yfirsést bilun í hjólalegu í skoðuninni og sagði jafnframt að seljandi hefði ekki tæki til þess að skoða legur sérstaklega. Seljandi bauð álitsbeiðanda fría aðalskoðun árið á eftir en vildi ekki koma að öðru leyti til móts við kostnað álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi krefst þess að seljanda verði gert að endurgreiða honum 55.000 krónur vegna bremsuviðgerðanna.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Líkt og að framan er rakið keypti dóttir álitsbeiðanda þjónustu af seljanda þann 12. apríl 2018 sem fólst í aðalskoðun á bifreiðinni XX-000. Fyrir skoðunina greiddi hún 12.995 krónur. Álitsbeiðandi óskaði eftir að skoðað yrði sérstaklega hvers vegna hljóð heyrðist vinstra megin í bifreiðinni að framan og taldi starfsmaður seljanda að gera þyrfti við bremsurnar þar. Álitsbeiðandi skipti í kjölfarið um bremsuklossa og bremsudiska að framan fyrir 55.000 krónur, en hljóðið fór ekki. Álitsbeiðandi fór þá aftur með bifreiðina í skoðun hjá seljanda þar sem í ljós kom að skipta yrði um hjólalegu vinstra megin að framan, en legan væri að valda umræddu hljóði. Álitsbeiðandi telur að skipt hafi verið um hemla bifreiðarinnar að óþörfu og ekkert hafi amað að þeim. Krefst hann endurgreiðslu fyrir viðgerðina að fjárhæð 55.000 krónur.

Álitsbeiðandi virðist byggja kröfu sína um endurgreiðslu á því að skoðun seljanda hafi ekki borið þann árangur sem álitsbeiðandi mátti gera kröfu um. Seljandi hafi ekki fundið hvað amaði að bifreiðinni og olli umræddu hljóði. Því hafi þjónusta seljanda verið haldin galla. Kærunefndin álitur að ákvæði 9. gr. laga nr. 40/2000 um þjónustukaup (þkpl.) eigi við um kröfu álitsbeiðanda, en ákvæðið er svohljóðandi:

9. gr.

Seld þjónusta telst gölluð ef:

- 1. árangur af unnu verki stenst ekki kröfur skv. 4. gr. eða seld þjónusta vikur frá almennum öryggiskröfum, sbr. 5. gr.,*
- 2. seljandi þjónustu hefur gefið rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða öðrum tilkynningum sem beint er að almenningi eða neytanda sérstaklega enda hafi þær verið forsenda fyrir kaupum á þjónustu,*
- 3. seljandi þjónustu hefur ekki veitt neytanda upplýsingar sem hann hafði vitneskju um eða hefði mátt hafa vitneskju um og hafa þýðingu fyrir framkvæmd verksins,*
- 4. þjónustan felur í sér hættu á líkams- eða eignatjóni,*
- 5. árangur verks eða þjónustu verður minni eða hefur minna notagildi en ella fyrir neytanda eftir að áhætta flyst aftur til hans og rekja má orsök þess til vanrækslu seljanda,*
- 6. seld þjónusta vikur að öðru leyti frá því sem samningur seljanda og neytanda kveður á um. Galli telst þó ekki vera fyrir hendi í þeim tilvikum sem nefnd eru í 1. og 4. tölul. 1. mgr. ef telja má að það sé ósannjarnt af neytanda að bera fyrir sig gallann.*

Samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 9. gr. þkpl. verður árangur þjónustu og notagildi hennar að svara til þess sem seljandi hefur lofað eða er með réttu áskilið af neytanda. Þjónusta seljanda fólst í lögbundinni aðalskoðun bifreiðar í eigu dóttur álitsbeiðanda. Markmið slíkra þjónustuskoðana er einna helst að tryggja öryggi farþega í umferðinni, en það er gert með því að stuðla að því að bifreiðar séu í lagi, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 8/2009 um skoðun ökutækja. Ekki var því um kaup á þjónustu að ræða sem fólst í eiginlegri bilanagreiningu bifreiðarinnar heldur minnst dóttir álitsbeiðanda sérstaklega á hljóð, sem barst frá bifreiðinni vinstra megin að framan, við skyldubundna skoðun. Til þess að fá nákvæma bilanagreiningu bifreiðar verður að ætla að leita þurfi til sérhæfðs bifreiðaverkstæðis til skoðunar og greiða sérstaklega fyrir bilanagreininguna sem slíka, þó aðalskoðun hjá seljanda geti komið að gagni við að útlista nauðsynlegt viðhald bifreiða. Að auki er ekkert fram komið í málinu sem bendir til þess að bremsurnar í bifreið dóttur álitsbeiðanda hafi verið í lagi og skoðun seljanda hafi þar af leiðandi verið röng. Verður raunar að líta á skoðunarvottorð seljanda sem sönnun um að þörf hafi verið á að lagfæra bremsur vinstra megin að framan í bifreiðinni EH-G44, óháð

umþrættu hljóði sem barst frá bifreiðinni vinstra megin að framan. Er samkvæmt öllu framangreindu ekki unnt að fallast á að þjónusta seljanda hafi verið gölluð, sbr. 1. og 5. tl. 1. mgr. 9. gr. þkpl. Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

V

Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson